

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar
vegna færslu aðveituæðar hitaveitu milli Óss og Hellulands.

Skipulagsstofnun staðfesti 11. október 2019 breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024, sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. apríl 2019.

Í breytingunni felst að legu nýrrar aðveituæðar hitaveitu milli Óss og Hellulands er hliðrað um allt að 500 m frá legu eldri aðveituæðar á um 3 km kafla.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 11. október 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.